

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi íbúðahverfis í Norðurbæ, Þrúðvangur 8.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 21. apríl 2010 breytingu á deiliskipulagi íbúðahverfis í Norðurbæ vegna Þrúðvangs 8. Breytingin felst í að heimilt verður að rífa bílgeymslu og byggja nýja og stærri á lóðinni. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar verður 0,35. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 30. apríl 2010,*

**Málfríður Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. maí 2010